

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 329/1992.

Skúli Thoroddsen

(Vilhjálmur Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Jóni Arnarr Einarssyni

(Grétar Haraldsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1992. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til greiðslu 611.420 króna og til þrautavara til greiðslu 3.057.102 króna gegn framsali á kröfu stefnda á hendur meðskuldurum sínum, Bergi Guðnasyni, Grétari Haraldssyni, Bjarna Steingrímssyni og Kristjáni Ómari Kristjánssyni. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Víxill sá, sem um er deilt í máli þessu, er í lögmæltu formi, eins og staðfest er í héraðsdómi. Málsvörn áfrýjanda er einkum byggð á tvennu: Í fyrsta lagi, að ekki hafi verið samið um, að gjalddagi yrði færður á víxilinn. Hann sé því sýningarvíxill og hafi sem slíkur verið sýndur of seint til greiðslu. Í öðru lagi, að víxillinn hafi ekki verið sýndur réttilega á greiðslustað. Málsástæður þessar varða aðferð við að halda víxilkröfu í gildi og verða því hafðar uppi í víxilmáli, sbr. 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nú 2. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Víxillinn er út gefinn 1. júní 1989. Staðfest er, að gjalddaginn 5. desember 1990 hafði ekki verið ritaður á hann, þegar stefndi fékk hann í hendur. Þá hafði áfrýjandi framselt hann. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að samkomulag hafi verið um það, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, að víxilhafi mætti setja gjalddaga á víxilinn,

sem væri fyrst að loknum sýningarfresti. Hefur því þessi ritun gjald-daga ekkert gildi. Ber því að líta svo á, að víxillinn hafi verið gjald-kræfur við sýningu. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna skal sýna slík-an víxil til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi. Þar sem það fórst fyrir, glataði stefndi víxilrétti sínum á hendur áfrýjanda, sbr. 1. mgr. 53. gr. víxillaga. Af þessu leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðis-aukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Skúli Thoroddsen, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Arnarr Einarssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí 1992, er höfðað fyrir bæjarþinginu með opinberri stefnu, birtri 9. október 1991, á hendur Skúla Thoroddsen, kt. 060849-2699, áður til heimilis að Bergstaðastræti 54 í Reykjavík, en nú með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð, og Kristjáni Ó. Kristjánssyni með stefnu, birtri 2. 10. 1991.

Mál þetta var þingfest á reglulegu bæjarþingi 17. desember 1991. Sótt var þing í máli þessu af hálfu stefnda Skúla Thoroddsen, en af hálfu stefnda Kristjáns Ó. Kristjánssonar hefur ekki verið sótt þing.

I.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 4.000.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. desember 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Stefndi Skúli krefst þess aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Til vara er þess krafist, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 611.420 kr. Til þrautavara er þess krafist, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 3.057.102 kr. gegn framsali á kröfum stefnanda á hendur meðskuldurum sínum, Bergi Guðnasyni, kt. 290941-2619, Grétari Haraldssyni, kt. 060335-7299, Bjarna Steingrímssyni, kt. 190336-2479, og Kristjáni Ómari Kristjánssyni, kt. 300833-3329.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts úr hendi stefnanda og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Leitað hefur verið um sættir í málinu án árangurs.

II.

Krafan er til komin vegna víxils, að fjárhæð 4.000.000 kr., út gefins af stefnda Kristjáni Ómari Kristjánssyni 1. júní 1989, en samþykkt til greiðslu af Skúla Thoroddsen fyrir hönd Meðferðar hf. 5. desember 1990 í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Stefndi Skúli Thoroddsen var prókúruhafi fyrir Meðferð hf. á útgáfudegi víxilsins. Víxillinn er ábektur af stefnda Skúla Thoroddsen. Á víxilinn er ritað „tryggingarvíxill“. Á víxilinn er ritað án afsagnar, og var afsögn því óþörf.

III.

Stefnandi rökstyður mál sitt því, að greiðslufall hafi orðið hjá stefndu, innheimtutilraunir vegna hins umstefnda víxils hafi ekki borið árangur, og sé því málshöfðun þessi nauðsynleg.

Um lagarök vísar stefnandi til víxillaga nr. 93/1933, XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi Skúli Thoroddsen styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi því, að stefndi hafi afhent tryggingarvíxil þann, sem málsókn þessi byggist á, stefnanda sem tryggingu fyrir greiðslu stefnda á því tapi, sem stefnandi kynni að verða fyrir, ef stefnandi þyrfti að greiða skuld Meðferðar hf. í Búnaðarbanka Íslands, sem stefnandi hafi ábyrgst. Hafi stefnandi og stefndi gert um þetta skriflegan samning, sem sé í vörslu stefnanda.

Í öðru lagi telur stefndi, að stefnandi hafi fengið téðan víxil í hendur hjá stefnda á útgáfudegi víxilsins 1. júní 1989, og hafi víxillinn verið sýningarvíxill í merkingu 34. gr. víxillaga, 2. mgr. 2. gr. sömu laga, því að á hann hafi verið ritað orðið tryggingarvíxill og gjalddagi ekki tilgreindur.

Víxillinn beri með sér, að hann sé ritaður af útgefanda hans, stefnda, að öðru leyti en því, að gjalddaginn 5. desember 1990 sé ekki hönd hans. Stefndi hafi ekki heimilað, að gjalddagi væri ritaður á víxilinn. Þá hafi víxillinn verið stimplaður 28. nóvember 1990, tæpu hálfu ári eftir að sýna átti hann til greiðslu.

Í þriðja lagi er á það bent, að greiðandi téðs víxils sé Meðferð hf. Ekkert liggi fyrir í málinu um, að víxilkjöfunni hafi verið lýst í þrotabú félagsins, en stefndi beri ekki ábyrgð á greiðslu hennar, að svo miklu leyti sem krafan hefði fengið greidd úr búi Meðferðar hf.

Í fjórða lagi er því haldið fram, að sýna hefði átt víxilinn til greiðslu fyrir 1. júní 1990, þ. e. a. s. innan eins árs frá útgáfudegi hans. Því sé ljóst, að gjalddagi víxilsins hafi í síðasta lagi getað verið 31. maí 1990. Af því leiði, að krafa stefnanda á hendur stefnda sé fyrnd samkvæmt 2. mgr. 70. gr. víxil-

laga. Að auki bendir stefnandi á, að stefnubirtingar á hendur stefnda séu með þeim hætti, að mál þetta teljist ekki höfðað fyrir en við þingfestingu þess 17. desember 1991.

Varakrafa stefnda er rökstudd með því, að hann hafi gefið víxilinn út til að tryggja stefnanda fyrir því tjóni, sem hann kynni að verða fyrir af van-skilum Meðferðar hf. við Búnaðarbanka Íslands. Sú fjárhæð nemi 3.057.102 krónum, og þar sem ábyrgðarmenn séu fimm, nemi hlutur hvers af kröf-unni 611.421 krónu, þ. á m. hlutur stefnda.

Prautavarakrafan er studd þeim rökum, að skuld sú, sem stefndi ábyrgist stefnanda, nemi 3.057.102 krónum, þar sem ábyrgðin náí ekki lengra.

IV.

Mál þetta er rekið sem víxilmál, rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Víxlinum er rétt lýst í stefnu, og fullnægir hann formskilyrðum 1., sbr. 2. gr. l. nr. 93/1933. Því er haldið fram, að ekki hafi verið heimild til útfyllingar á gjalddaga víxilsins, þar sem um sýningarvíxil hafi verið að ræða. Gegn mót-mælum stefnanda verður ekki fallist á þá málsástæðu. Telja verður, að þeg-ar víxill er afhentur, án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í því umboð til víxilhafa að fylla í eyðuna. Sú málsástæða, að víxillinn hafi verið útfylltur andstætt heimild, varðar lögskiptin að baki og kemst ekki að skv. 2. mgr. 208. gr. eml. nr. 85/1936.

Sú málsástæða stefnda, að víxlinum hafi ekki verið lýst í þrotabú sam-þykkjanda víxilsins og stefndi því ekki ábyrgur fyrir greiðslu hennar, að svo miklu leyti sem krafan hefði fengist greidd úr búi hans, telst vanreifuð, enda ekki studd neinum gögnum, og kemur því ekki til skoðunar. Er því ekki fallist á fram komnar varnir Skúla Thoroddsen.

Stefndi Kristján Ó. Kristjánsson hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Kröfur stefnanda, sem er lögformlegur handhafi víxilsins, eru teknar til greina með vöxtum, eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst 385.000 kr.

Sigrún Benediktsdóttir, ftr. yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Skúli Thoroddsen og Kristján Ó. Kristjánsson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Arnarr Einarssyni, 4.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. desember 1990 til greiðsludags og 385.000 kr. í málkostnað, þar með talinn virðis-aukaskatt.